

REGLUGERÐ

um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Við grein 12.2.1. bætist ný mgr. sem orðist svo:

Heimilt er þó fötluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á rakarastofur, hárgreiðslustofur og snyrtistofur, heilbrigisstofnanir, íþrótta- og baðstaði, fangelsi, samkomuhús, kirkjugarða og í almenn samgöngutæki, enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og hinn fatlaði skal hafa leyfi fyrir hundinum, sé þess krafist í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 13. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 592

2. október 1997

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt ósk varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 5. september 1997 staðfest breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli frá 25. mars 1997 samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að á svæði austan flugskýlis Flugleiða er gert ráð fyrir tveimur byggingum fyrir flugfrakt í stað verkstæðis og þjónustubyggingar við flughlað. Enn fremur er gert ráð fyrir stækkun flughlaðs og landgangs til vesturs auk minni háttar breytinga á bílastæðum.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins ber ábyrgð á því tjóni er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Utanríkisráðuneytinu, 2. október 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.